skiptanleg á pari gagnvart
öðrum formum seðlabankafjár
t.d. seðlum og mynt

Hver hefur aðgang?




- Seðlabankarafeyrir til almennra nota (Retail / General purpose CBDC)
= fyrir einstaklinga og fyrirtæki
- Seðlabankarafeyrir til heildsölu (Wholesale CBDC)
= fyrir tilgreinda aðila í greiðslukerfinu
 - Til að gegna samskonar hlutverki og núverandi innstæður í seðlabanka (uppgjör)
en hefði e.t.v. aðra eiginleika
- Seðlabankarafeyrir sem Seðlabanki Íslands myndi hugsanlega gefa út;
rafkróna

Hvað þýðir þetta fyrir bankakerfið og Seðlabankann?



Lagaleg krafa og áhrif á efnahagsreikninga bankakerfisins



Heimild: BIS

Seðlabankarafeyrir til almennra nota - umdeild hugmynd og margt sem þarf að huga að



- Mismunandi skoðanir meðal seðlabanka - og innan þeirra - um hvort nauðsynlegt eða skynsamlegt sé að hefja útgáfu
- Aðeins Bahamaeyjar, Austur-Karíbahafseyjar (myntbandalag), Kambódía og Nígería hafa hafið eiginlega útgáfu
- Mikil vinna í gangi í stórum seðlabönkum eins og ECB, BoE, Fed og Riksbanken
- Talið nokkuð líklegt að PBoC (Kína) stígi skrefið fljótlega og hefji útgáfu

Af hverju seðlabankarafeyri til almennra nota?



1. Öryggi, skilvirkni, samkeppni í innlendri smágreiðslumiðlun
 - Öryggi: Greiðsluleið sem nýtir ekki viðskiptabankafé, fer fram hjá bankakerfinu, fjármálainnviðum þess og kortainnviðum
 - Samkeppni: Grundvöllur nýs samkeppnisumhverfis í smágreiðslumiðlun
 - Skilvirkni: Nýir fjármálainnviðir lausir undan draugum fortíðar, svo sem löngum uppgjörstíma, en með nýjum möguleikum til nýsköpunar (t.d. snjallsamningar)
2. Seðlabankarafeyrir sem grundvöllur nýs fyrirkomulags í alþjóðlegri greiðslumiðlun
 - Seðlabankarafeyrir til heildsölu hugsanlega *nægjanlegur* til að þjóna þessu markmiði
 - Miklar breytingar í farvatninu – hvert verður hlutverk seðlabankanna?
3. Fjármálaþátttaka (e. financial inclusion)
4. Peningalegt fullveldi og ótti við útbreiðslu stöðugleikamynta
 - Dollara-/evru-/Díem-væðing
5. Skilvirkari miðlun peningastefnu við lága vexti

Macro áhrif – kostir, gallar og lausnir



Hjámiðlunarvandinn

- Felur í sér flæði innstæðna úr bankakerfinu inn á efnahagsreikning seðlabanka
- Útlánageta bankakerfisins gæti dregist saman og fjármögnunarkostnaður aukist - sem myndi draga úr hagvexti að öðru óbreyttu
- Aukin hætta á bankaáhlaupum, þ.e. þau verða fyrirhafnarlítil á óvissutímum

Leiðir til að sporna við hjámiðlun

- Takmarka magn seðlabankarafeyris í umferð t.d. með því að setja reglu um hámarksinnstæðu hvers einstaklings og lögaðila
- Hafa áhrif á eftirspurn eftir seðlabankarafeyri með vöxtum (jafnvel neikvæðum) og vaxtaþrepum
- Önnur takmörkun á aðgengi (gates/switching limits) eða stuðningi við banka (veðlán)

Takmarka takmarkanir tilætlað notagildi?

- Tæknilega ekkert í vegi fyrir beitingu þessara takmarkana en vandinn er að þær geta beinlínis takmarkað notagildi seðlabankarafeyris
- Ef ná á markmiðum þarf að vera eftirspurn og notkun – má bara ekki vera of mikil og ekki of kvik
- Þetta er klemman!

Macro áhrif – kostir, gallar og lausnir



Áhrif á peningastefnuna og miðlunarferlið

- Að greiða vexti hefði áhrif á peningastefnuna
 - Möguleikinn á neikvæðum vöxtum gæti auðveldað framkvæmd peningastefnunnar
 - Vaxtalaus seðlabankarafeyrir gæti hins vegar styrkt ZLB (minni áhætta og kostnaður en að halda seðlum og mynt)
- Vaxtaberandi seðlabankarafeyrir hefði áhrif á miðlunarferlið - beintenging milli vaxtaákvörðunar og hluta sparnaðar einstaklinga og fyrirtækja
 - Ýtir undir hjámiðlun
 - Getur aukið pólitískt vægi seðlabankans og grefur þannig hugsanlega undan sjálfstæði hans
- Seðlabankarafeyrir opnar nýja möguleika við dreifingu „byrlupeninga“
- Miðlunarferli peningastefnunnar er ólíkt milli landa

Hvað gerist næst?



Rannsóknir, safna þekkingu og læra af reynslu annarra



A sama tíma mun fjármálamarkaðurinn og ytra umhverfi okkar, t.d. alþjóðleg greiðslumiðlun, halda áfram að breytast hratt



Það gæti snögglega breytt hagsmunamati okkar um fýsileika þess að hefja útgáfu seðlabankarafeyris, hvort sem er til almennra nota eða heildsölu



Leiðarljós vinnunnar verða þau markmið sem bankanum eru sett með lögum: **að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og virku og öruggu fjármálakerfi**, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd

Hvað gerist næst?



- Rannsóknir, safna þekkingu og læra af reynslu annarra
- Á sama tíma mun fjármáلامarkaðurinn og ytra umhverfi okkar, t.d. alþjóðleg greiðslumiðlun, halda áfram að breytast hratt
- Það gæti snögglega breytt hagsmunamati okkar um fýsileika þess að hefja útgáfu seðlabankarafeyris, hvort sem er til almennra nota eða heildsölu
- Leiðarljós vinnunnar verða þau markmið sem Seðlabankanum eru sett með lögum: að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd



Takk fyrir

Endir Covid kreppunnar, peningastefna og verðbólguhorfur

(*Vísbinding*, 11. febrúar 2022 - 6. tölublað)

Hagkerfið hefur nú náð fullu framleiðslustigi og Covid kreppunni lokið. Atvinnuleysi sem var 4,4% á fyrsta ársfjórðungi 2020 og varð 7,9% á öðrum ársfjórðungi þess árs er nú aftur komið niður í 4,4% á fjórða ársfjórðungi 2021 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Töpuð störf vegna farsóttarinnar eru nú að fullu endurheimt. Töluverður fjöldi fyrirtækja segjast skorta starfsfólk og færri fyrirtæki vilja fækka starfsfólki en áður. Einkaneysla hefur vaxið og fer enn vaxandi og fjárfesting enn meira. Framleiðsla er um þessar mundir búin að ná því stigi að verðbólga er farin að láta á sér kræla. Hagkerfið hefur náð sér á strik án þess að ferðþjónustan hafi náð sama krafti og fyrir Covid, aðrar greinar hafa fyllt í skarðið eins og ávallt gerist í markaðshagkerfum. Samkvæmt spá Seðlabankans var hagvöxtur 4,9% á síðasta ári og er spáð svipuðum hagvexti á þessu ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst um 3,9% árið 2020 og 3,5% árið 2021.

Hagstjórn

Hagstjórn tekur mið af þessari þróun efnahagsmála. Halli á rekstri ríkissjóðs verður minni árið 2022 en á síðasta ári. Fjárlög fyrir árið 2022 voru afgreidd með halla sem nemur 5,2% af landsframleiðslu. Það dregur mikið úr hallanum á milli ára og má rekja það til hagvaxtar auk þess sem dregið er úr mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna farsóttarinnar. Aðhald ríkisfjármála eykst því milli ára. Seðlabankavextir hafa nú hækkað um 2% frá því að þeir náðu lágmarki í lok árs 2020. Í byrjun Covid kreppunnar voru seðlabankavextir 2,75%, eins og þeir eru núna í lok kreppunnar eftir vaxtahækkun vikunnar. Vextir voru lækkaðir í nokkrum skefum um 2% árið 2020 til þess að vernda hagkerfið gegn áhrifum farsóttarinnar en nú er þessarar örvunar ekki lengur þörf og þeir hafa þá verið hækkaðir aftur um 2%.

Slæmu fréttirnar um þessar mundir er sú að verðbólguhorfur hafa versnað fyrir þetta ár. Nú hefur verðbólga ekki verið vandamál í svo langan tíma að rétt er að byrja á að rifja upp nokkur grundvallaratriði.

Um verðbólgu

Oft gætir misskilnings á í frétttaflutningi þar sem verðbólga, hátt verðlag og lægri kaupmáttur launa eru lögð að jöfnu. Þannig er sagt að verðbólga skerði lífskjör og geri heimilum erfitt fyrir að ná endum saman. En þá gleymist að verðbólga felur ekki einungis í sér hækkun verðlags, bæði verðs á vörum og þjónustum, heldur einnig hækkun launa. Þannig er hægt að tala bæði um verðbólgu á vörumarkaði og svo launaverðbólgu. Hærri verðbólga þarf ekki að valda minni kaupmætti launa, laun geta hækkað meira en verðlag. Kaupmáttur launa hefur aldrei verið hærri á Íslandi en nú þótt verðbólga sé meiri í janúar en hún hefur mælst í áratug. Vandinn við verðbólgu er ekki

„dýrtíð“ heldur sá að hlutfallsleg verð eru breytileg yfir árið. Laun hækka kannski í einum mánuði, verð á hinum ýmsu vörum og þjónustu síðan hvert á fætur öðru. Kaupmáttur launa getur verið meiri í upphafi árs en lok þess, hlutfallslegt verð á einni vöru hátt um miðbik árs en ekki í lok þess o.s.fr. Þannig brenglar verðbólgan ákvarðanir fyrirtækja og einstaklinga.

Vaxandi verðbólga getur skapað væntingar einstaklinga og fyrirtækja um enn hærri verðbólgu í framtíðinni sem síðan kemur fram í kjarasamningum og verðákvæðunum sem ýta undir frekari verðbólgu. Mikil og viðvaranadi verðbólga getur þannig orðið þrálát og það kostað miklar fórnir að ná henni niður aftur með háum seðlabankavöxtum. Fórnirnar ber almenningur í formi atvinnuleysis. Það er því afar mikilvægt að koma í veg fyrir að verðbólga nái að festa sig í sessi.


Verðbólguhorfur

Samkvæmt spá Seðlabankans mun verðbólga verða 5,8% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs og haldast síðan yfir 5% fram eftir ári og ekki lækka undir 4% fyrr en á næsta ári. Verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði hafa einnig hækkað og er nú fimm ára álagið komið í 3% og tveggja ára álagið yfir 4,5%. Þessi verðbólga stafar einkum af mikilli innlendri eftirspurn sem hefur haft í för með sér að innlendir framleiðsluþættir, einkum vinnuafli og húsnæði, hafa hækkað í verði. Stærstu liðir í hækkun neysluverðvísitölunnar eru þannig hússnæðisliðurinn og almenn þjónusta sem hvorutveggja endurspegla innlendar launahækkanir. Einnig hefur eldsneytisverð hækkað og verð á ýmsum öðrum innfluttum vörum en þessir þættir eru, allavega enn sem komið er, ekki stór áhrifavaldur í innlendri verðbólgu.

Erlendar hækkanir á hrávörum hafa ekki eins mikil áhrif hér og í Evrópu vegna þess að ekki þarf gas, kol eða olíu til þess að kynda hús, þörfin fyrir innflutta orkugjafa er minni, og einnig vegna þess að gengi krónunnar hefur styrkst um 6,3% síðustu 12 mánuði sem vegur upp á móti erlendum verðhækkunum. Ekki er ósennilegt að krónan styrkist eitthvað næstu mánuði með hækkandi sól og fjölgun ferðamanna sem mun þá draga úr áhrifum hærra hrávöruverðs og framleiðsluþnökkra erlendis. Vonir standa til að þessir hnökrar muni minnka þegar liður á árið og framboð á vörum á heimsmarkaði þá aukast.

Ekki ein á báti

Verðbólguvandinn einskorðast ekki við Ísland eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan. Verðbólga í Þýskalandi er nú hærri en hún hefur verið í um þrjá áratugi. Verðbólga annars staðar stafar í meira mæli a hækkun hrávöruverðs en hér á landi. En framleiðsluvandamál í löndum þar sem Covid áhrifa gætir enn svo sem í Kína hafa einnig áhrif á þróun verðlags og sömuleiðis mikil innlend eftirspurn eins og hér á landi.



Verðbólga og húsnæðismarkaður

Húsnæðisliðurinn skýrir tæplega helming ársverðbólgunnar hér á landi en aðrir liðir verðvísitölunnar hafa einnig hækkað. Þannig hefur verð innlendra vöru hækkað um 5,1% á milli ára og verð almennrar þjónustu um 4,9%. Hækkun verðlags er almenn og hækka þannig 60% vöruflokka í vísitölunni um meira en 2,5%. Verðbólgan einskorðast ekki við vöru- og þjónustumarkað. Laun hafa hækkað mikið og var árshækkun launa, bæði mælt með launavísitölu og vísitölu heildarlauna, um og yfir 7% á síðasta ári. Þessar miklu launahækkningar endurspeglast síðan í hækkun á verði innlendra þjónustu.

Hækkun fasteignaverðs má rekja til ýmissa þátta. Kaupmáttur launa hefur aukist sem eykur eftirspurn eftir húsnæði, Íslendingar hafa litið ferðast til útlanda síðustu tvö árin og því haft meira til ráðstöfunar innan lands sem hefur komið fram í góðu gengi verslunar innan lands og mikilli eftirspurn eftir þjónustu iðnaðarmanna. Eftirspurn eftir húsnæði hefur aukist að sama skapi. Og, síðast en ekki síst, hafa lágir vextir á fasteignalánum aukið eftirspurn og gert mörgum kleift að eignast sína fyrstu eign.

Áhrif seðlabankavaxta á húsnæðisverð eru mikilvægur farvegur fyrir peningastefnuna. Þegar vextir lækka og eftirspurn eykst á húsnæðismarkaði þá hækkar verð sem síðan verður til þess að meira er byggt og framboð húsnæðis eykst þá smám saman. Eftirspurn í hagkerfinu er þá meiri fyrir vikið, atvinna meiri. En það tekur tíma fyrir verktakafyrirtæki að byggja ný hús og á meðan haldast verð há. Það er því ekki alveg að fullu rétt að segja að skortur á framboði skýri hátt húsnæðisverð vegna þess að fyrst eykst eftirspurn og hækkar verð og síðan eykst framboð á húsnæði í kjölfarið. En að svo miklu leyti sem aukin eftirspurn stafar af vaxtalækkun þá hefur peningastefnan náð að örva hagkerfið. Það er svo alltaf spurning hvort peningastefnan hafi örvað hagkerfið of mikið á tímum Covid, hér á landi sem annars staðar. En þótt svo hefði verið í þá tókst henni engu að síður að minnka áhrif farsóttarinnar á líf skjör og atvinnu.

Horfur framundan

Horfurnar eru bjartar fyrir þetta ár, hagvöxtur og bætt lífskjör. En helsta markmið hagstjórnar verður að halda verðbólgu í skefjum til þess að hún valdi ekki skaða og krefjist ekki meiri fórna í framtíðinni. Til þess að ná þessu markmiði er mikilvægt að gott samspil verði á milli Seðlabankans, ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins og það haft í huga að unnt er að bæta lífskjör á margvíslegan annan hátt en með hækkun krónulauna. Höfundur er ytri meðlimur í peningastefnunefnds Seðlabankans. Allar skoðanir og ályktanir sem fram kom í þessari grein eru hans eigin og endurspeгла ekki skoðanir annarra nefndarmanna.

Tími til að sættast

(*Visbending*, 18. mars 2022 - 11. tölublað)

Styrjöld tekur við af farsótt það virðist ekki eiga af heimbyggðinni að ganga. Útlit er fyrir að mikil óvissa verði um efnahagsmál innan lands sem utan á þessu ári. Hér á landi er óvissa um gengi krónunnar, einkum vegna þess að við vitum ekki enn áhrif farsóttar og styrjaldar á fjölda ferðamanna; það er óvissa um verð á olíu og annarri hrávöru vegna styrjaldarinnar; það er óvissa um verð á innflutningi vegna verðbólgu í helstu viðskiptalöndum; og það er óvissa um innlenda verðbólguþróun.

Við þessar aðstæður getur reynst erfitt að ljúka kjarasamningum á komandi hausti. Þótt ekki heyrst enn mikill sáttatónn frá aðilum vinnumarkaðar þá er brýn ástæða til þess að aðilar sýni varfærni í kröfugerð, bæði launþegar og vinnuveitendur, og komist að samkomulagi án þess að til mikilla átaka komi.

En hvernig gæti ný „þjóðarsátt“ litið út? Hvað gæti orðið til þess að samningar tækjust án mikilla átaka? Hér verður leitast við að vísa veginn til þess að svo megi verða.

Þáttur launþega

Kaupmáttur launa er nú meiri en hann hefur nokkru sinni verið og hlutdeild launa í þjóðartekjum um 60%. Þetta hlutfall er bæði sögulega hátt og einnig hátt í samanburði við helstu viðskiptalönd. Kaupmáttarleiðréttar meðaltekjur eru næsthæstar hér á landi af aðildarríkjum OECD, einungis hærri í Bandaríkjunum þar sem mun meiri ójöfnuður er.

Gengi atvinnugreina er hins vegar misjafnt; ferðaþjónusta er löskuð eftir farsóttina en mun betur gengur í ýmsum öðrum greinum. Það væri því æskilegt að tillit verði tekið til mismunandi gengis atvinnugreina þegar kemur að kaupkröfum. Sennilega er svigrúm í sumum greinum til þess að bæta kaup og kjör en ekki í öðrum. Það teldist varla vera skynsamlegt að hækka öll laun óháð því hvort fyrirtæki geti staðið undir bættum kjörum launafólks.

Þáttur launþega í því að koma á sátt væri þá að stilla kaupkröfum í hof til þess að ekki verði víxlverkun launa og verðlags. Þannig verði ekki gerðar kröfur um launahækkanir umfram það sem má réttlæta vexti framleiðni í hverri atvinnugrein. Það býður upp á stigmögnun verðbólgu að láta erlendar verðhækkanir leiða sjálfkrafa til hærri launa innan lands vegna þess að hækkanir verðs á innfluttum vörum verður ávallt til þess að rýra lífskjör hér á landi, hvað svo sem við gerum. Það er hægt að dreifa byrðunum með sköttum og tilfærslum en ekki að koma í veg fyrir að lífskjör rýrist.

Friður á vinnumarkaði felur ekki einungis í sér að launafólk gæti hófs í launakröfum heldur einnig að vinnuveitendur gæti hófs í kröfum um hagnað

og arðsemi fjármagns. Það er því ekki rétt að fela launþegum einum ábyrgð á þróun verðbólgu og almenns stöðugleika í efnahagslífinu. Friður verður þegar kröfur um kaupmátt fara saman við þann kaupmátt sem vinnuveitendur vilja greiða.

Báðir aðilar, launþegar og vinnuveitendur, hafa hagsmuni af friði og vinnumarkaði og hófsömum kjarasamningum vegna áhrifa verðbólgu á vexti Seðlabankans. Þumalfingursreglan er sú að 1% hærri verðbólga kalli á 1,5% hærri seðlabankavexti. Þess vegna hafa báðir aðilar hag af því að stuðla að lágrí verðbólgu. Verðbólga er þess utan skaðleg, brenglar alla ákvarðanatöku fyrirtækja og heimila og brennir upp peningalegan sparnað.

Þáttur vinnuveitenda og stjórnvalda

Það er unnt að bæta lífskjör á annan hátt en að hækka krónulaun. Húsnæðiskostnaður ræður miklu um lífskjör. Þegar litið er nokkur ár fram í tímann þá geta ríki, sveitarfélög og lífeyrissjóðir bætt lífskjör með því að auka framboð á ódýru íbúðarhúsnæði sem myndi þá lækka verð almennt á minni eignum. Þetta væri mikilvæg kjarabót fyrir einstaklinga á lægri launum og þá sem eru að kaupa sína fyrstu eign.

Til skamms tíma litið væri enn auðveldara að lækka álögur á eldsneyti svo hækkun á olíuverði á heimsmarkaði hafi minni áhrif á innlent eldsneytisverð. Það er ekki sjálfsagt að styrjöld í Evrópu sem hækkar heimsmarkaðsverð á olíu auki tekjur ríkissjóðs.

En fleira væri unnt að tína til sem kæmi til móts við hagsmuni launþega. Þótt skipting ráðstöfunartekna sé hvergi jafnari meðal ríkja OECD þá er skipting eigna líklega mun ójafnari, eins og reyndar er raunin í flestum ríkjum.¹ Þegar eignir eru löglega taldar fram þá vaknar sú spurning hvort ójöfn skipting eigna sé vandamál sem þurfi að taka á með eignasköttum. Hér koma nokkur sjónarmið til álita. Ójöfn skipting eigna sem stafar af því að sumir hafi lagt meira fyrir en aðrir, ávaxtað sparnað sinn betur eða náð árangri í rekstri fyrirtækja er alls ekki óæskileg. Þvert á móti leiðir sparnaður, vel heppnaðar fjárfestingar og vel rekin fyrirtæki til betri lífskjara launafólks svo fremi sem peningarnir eru ekki faldir í skattaskjólum heldur fara í fjárfestingar.

En ójöfn skipting eigna stafar að nokkru leyti af öðrum og óæskilegum ástæðum.

Renta sem skapast af fákeppni eða eignarhaldi á auðlindum eykur ráðstöfunartekjur þeirra sem ráða yfir fákeppnisfyrirtækjum og auðlindum og skekkir smám saman dreifingu eigna. Vegna smæðar og fyrirkomulags gengismála er fákeppni í flestum atvinnugreinum á Íslandi og eignarhald

¹ Mikil óvissa er um hversu ójöfn eignaskiptingin er vegna þess að þeir einstaklingar sem efnaðastir eru geyma eigur sínar að öllum líkindum í skattaskjólum.

auðlinda er samþjappað.² Sem dæmi má nefna starfsemi viðskiptabanka þar sem bæði er fákeppni og verð ógagnssæ, upplýsingar um gjaldskrár og vaxtamun ósamhverfar þannig að bankarnir geta farið sínu fram án þess að viðskiptavinir þeirra geti rönd við reist. Það eru sennilega ekki margir sem vita hvað bankarnir taka fyrir notkun á debetkortum innan lands eða úttektir í hraðbönkum erlendis. Gjaldskrár stóru bankanna þriggja eru nægilega langar til þess að það er erfitt eða jafnvel ómögulegt fyrir fólk að átta sig á verðum eða bera þau saman á milli banka.³

Nú eru brátt þrjú ár liðin frá því að þáverandi seðlabankastjóri skrifaði bréf til þjóðaröryggisráðs þar sem hann varaði við því að innlend greiðslumiðlun fari öll í gegnum erlend kortafyrirtæki og ekki bólar á lausn enn. En það er ekki bara öryggissjónarmið að til sé innlend greiðslumiðlun heldur skiptir miklu fyrir líf skjör að til sé ódýr innlend greiðslumiðlun eins og t.d. er að finna í Danmörku og víðar. En til þess að svo megi verða þurfa viðskiptabankarnir að gefa eftir spón úr aski sínum eða stjórnvöld að taka ómakið af þeim. Til þess þarf rögg sama stjórn mála- og embættismenn sem hugsa um almannahag og þora að taka þann mótbyr sem fylgir því að fara gegn sérhagsmunum. Ef slíkt reynist ekki mögulegt kæmi til greina að opinberir aðilar ákvarði þjónustugjöld þegar kemur að greiðslumiðlun eða hafi beint eftirlit með henni eins og tíðkast t.d. á Bretlandi.

Mikill hagnaður banka árið 2021 vekur athygli. Eigendur þeirra gefa sér arðsemiskröfu og haga vaxtamun og upphæð þjónustugjalda í samræmi við hana. Það er ekki sjálfsagt að fyrirtæki í fákeppni ákveði einhliða arðsemi sína, ekki frekar en það sé sjálfsagt að launþegar ákveði einhliða kaupmátt launa sinna. Við bætist að íslenska ríkið styrkti fyrirtæki í ferðaþjónustu og tengdum greinum árin 2020 og 2021 um tugi milljarða til þess að forða þeim frá gjaldþroti á farsóttartímanum. Með þessum útgjöldum var komið í veg fyrir mikið útlánatap bankanna. En þá er varla sjálfsagt að eigendur bankanna haldi veislu í lok farsóttar með arðgreiðslum vegna góðs gengis á tímum þegar samfélagið var lamað.

Af stóru bönkunum þremur er Arion einn alfarið í einkaeigu. Í nýlegri grein í *Kjarnanum*⁴ kom fram að bankinn hagnaðist um 28,6 milljarða króna árið 2021; greiddi út arð eða keypti eigin bréf af hluthöfum fyrir 31,5 milljarða króna og til stendur að greiða 79% af hagnaði ársins út sem arð, alls 22,5 milljarða króna. Stefnt er að því að skila hluthöfum rúmlega 58 milljörðum frá byrjun 2021. Þar að auki hefur bankinn áform um að greiða um 30 milljarða króna til hluthafa í nánustu framtíð. Og hver var nú arðsemi

² Hið sama má reyndar segja um heimshagkerfið þar sem fákeppni gætir nú meira en áður, t.d. Google, Amazon, Apple og fleiri markaðsráðandi fyrirtæki.

³ Sjá

https://www.arionbanki.is/themes/arionbanki/arionbanki/documents/05_Bankinn/Fleira/Vextir-og-verdskra/Verdskra/verdskra_12112021.pdf;

<https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Verdskra.pdf>;

<https://www.landsbankinn.is/vextir-og-verdskra>.

⁴ Sjá <https://kjarninn.is/frettir/arion-banki-hagnadist-um-286-milljarda-og-borgadi-16-milljard-i-bonusa/>.

bankans? Arðsemi eigin fjár var 14,7% á árinu 2021 sem síðan gaf tilefni til kaupauka uppá 1580 milljónir.

Á síðustu árum hefur starfsemi flestra útibúa bankanna verið hætt og kostnaður þannig verið lækkaður. En hvar liggur ábatinn af minni kostnaði bankanna? Hefur vaxtamunur verið minnkaður eða þjónustugjöld lækkuð? Full átæða er fyrir Samkeppniseftirlit að rannsaka hegðun bankanna eins og eftirlitið fór ofan í saumana á rekstri olíufélaganna fyrir nokkrum árum.

Að lokum er það hinn óleysti hnútur sem felur í sér skiptingu rentu af sjávarauðlindum. Öflug fyrirtæki skila miklum arði en hluti af þessum arði er renta af auðlindinni, hið hagkvæma stjórnunarkerfi hefur flutt tekjur frá vinnuafli til fjármagns sem hefur áhrif á tekju- og eignaskiptingu. Það er ekki gott fyrir lýðræðið að fáir aðilar eignist stóran hluta efnahagslífsins. Sáttar er þörf.


Lokaorð

Nú er ekki ósennilegt í aðdraganda kjarasamninga að forystufólk launþega bendi á há laun forstjóra og „ofurhagnað“ banka; að forystufólk atvinnulífsins leggi áherslu á hófsemi í launakröfum; og stjórnvöld finnist það óframkvæmanlegt að taka á fákeppnisrentunni. En betra væri að hver setti sig í annars spor og friður væri á vinnumarkaði á tímum styrjalda og óvissu í heiminum.

Úr sóttkví í stríðsrekstur Er óvissan endalaus?

Staða og horfur í efnahagsmálum
Samiðn 21. mars 2022



Rannveig Sigurðardóttir
Varaseðlabankastjóri peningastefnu



Stríðið í Úkraínu

Efnahagsleg áhrif innrásar og efnahagsþvingana




Viðskipti við Rússland lítil en vægi í hrávöru mikið



Hrávöruverð hækkað verulega í kjölfar stríðsins





Hagvöxtur verður minni og verðbólga meiri og þrálátari






Stríðsátök auka óvissu um innlenda efnahagsþróun







Hagvöxtur samkvæmt fyrstu tölum minni en vænst var



Aukin atvinna og slakinn virðist horfinn





Atvinnuleysi minnkað hratt og vaxandi skortur á fólki






Verðbólga og aðgerðir Seðlabankans



Verðbólga eykst á alla mælikvarða



Innlendur verðbólguþrýstingur enn mikill og áhrif alþjóðlegar verðhækkunar lífseigar



Verðbólguhorfur versna og verðbólguvæntingar hækka á alla mælikvarða



Takk fyrir



Framtíð peninga: Seðlabankarafeyrir (CBDC)

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu



Háskólinn í Reykjavík

23.03.2022

Rafrænt seðlabankafé fyrir alla?



- Innlánsstofnanir hafa aðgang að rafrænu seðlabankafé á reikningum sínum í seðlabönkum og í greiðslukerfum seðlabanka
- Almenníngur hefur aðeins haft aðgang að seðlabankafé í formi seðla og myntar
- Til umræðu að búa til nýja tegund af rafrænu seðlabankafé sem almenningur hefði aðgang að og gæti notað í rafrænum viðskiptum
- Vekur upp áhugaverðar og flóknar spurningar um stöðu og hlutverk seðlabankanna í fjármálakerfinu, framtíð fjármálakerfisins o.fl.

Hver hefur aðgang?



- Seðlabankarafeyrir til almennra nota (Retail / General purpose CBDC)
= fyrir einstaklinga og fyrirtæki
- Seðlabankarafeyrir til heildsölu (Wholesale CBDC)
= fyrir tilgreinda aðila í greiðslukerfinu
 - Til umræðu að útvíkka aðgengið annað hvort með samskonar hlutverki og núverandi innstæður í seðlabanka (uppgjör) hafa en gæti einnig haft aðra eiginleika
- Seðlabankarafeyrir sem Seðlabanki Íslands myndi hugsanlega gefa út;
rafkróna

Hvað er seðlabankarafeyrir?



- Seðlabankarafeyrir = Central bank digital currency (CBDC)
- Seðlabankarafeyrir uppfyllir eftirtalin skilyrði:



Útgefandi er seðlabanki
Eigandi seðlabankarafeyris á beina
kröfu á seðlabanka, ólíkt hefðbundnum
bankainnstæðum í viðskiptabanka



Krafan er rafræn



Krafan er sett fram í
reikningseiningu viðkomandi
gjaldmiðils
t.d. krónum eða evrum




Krafan er framseljanleg og
skiptanleg á pari gagnvart
öðrum formum seðlabankafjár
t.d. seðlum og mynt

Hvað þýðir þetta fyrir bankakerfið og Seðlabankann?



Lagaleg krafa og áhrif á efnahagsreikninga bankakerfisins



Heimild: BIS

Seðlabankarafeyrir til almennra nota - umdeild hugmynd og margt sem þarf að huga að



- Mismunandi skoðanir meðal seðlabanka - og innan þeirra - um hvort nauðsynlegt eða skynsamlegt sé að hefja útgáfu
- Aðeins Bahamaeyjar og Nígería hafa hafið eiginlega útgáfu
- Mikil vinna í gangi í stórum seðlabönkum eins og ECB, BoE, Fed og Riksbanken
- Talið nokkuð líklegt að PBoC (Kína) stígi skrefið fljótlega og hefji útgáfu

Af hverju seðlabankarafeyri til almennra nota?



1. Öryggi, skilvirkni, samkeppni í innlendri smágreiðslumiðlun
 - Öryggi: Greiðsluleið sem nýtir ekki viðskiptabankafé, fer fram hjá bankakerfinu, fjármálainnviðum þess og kortainnviðum
 - Samkeppni: Grundvöllur nýs samkeppnisumhverfis í smágreiðslumiðlun
 - Skilvirkni: Nýir fjármálainnviðir lausir undan draugum fortíðar, svo sem löngum uppgjörstíma, en með nýjum möguleikum til nýsköpunar (t.d. snjallsamningar)
2. Seðlabankarafeyrir sem grundvöllur nýs fyrirkomulags í alþjóðlegri greiðslumiðlun
 - Seðlabankarafeyrir til heildsölu hugsanlega *nægjanlegur* til að þjóna þessu markmiði
 - Miklar breytingar í farvatninu – hvert verður hlutverk seðlabankanna?
3. Fjármálapátttaka (e. financial inclusion)
4. Peningalegt fullveldi og ótti við útbreiðslu stöðugleikamynta
 - Dollara-/evru-/Diem-væðing
5. Skilvirkari miðlun peningastefnu

Macro áhrif – kostir, gallar og lausnir



Áhrif á peningastefnuna og miðlunarferlið

- Að greiða vexti hefði áhrif á peningastefnuna
 - Möguleikinn á neikvæðum vöxtum gæti auðveldað framkvæmd peningastefnunnar
 - Vaxtalaus seðlabankarafeyrir gæti hins vegar styrkt ZLB (minni áhætta og kostnaður en að halda seðlum og mynt)
- Vaxterandi seðlabankarafeyrir hefði áhrif á miðlunarferlið - beintenging milli vaxtaákvörðunar og hluta sparnaðar einstaklinga og fyrirtækja
 - Ýtir undir hjámiðlun
 - Getur aukið pólitískt vægi seðlabankans og grefur þannig hugsanlega undan sjálfstæði hans
- Seðlabankarafeyrir opnar nýja möguleika við dreifingu „þyrlupeninga“
- Miðlunarferli peningastefnunnar er ólíkt milli landa

Macro áhrif – kostir, gallar og lausnir



Hjámiðlunarvandinn

- Felur í sér flæði innstæðna úr bankakerfinu inn á efnahagsreikning seðlabanka
- Útlánageta bankakerfisins gæti minnkað og fjármögnunarkostnaður aukist - sem myndi draga úr hagvexti að öðru óbreyttu
- Aukin hætta á bankaáhlaupum, þar sem þau verða fyrirhafnarlítill á óvissutímum

Leiðir til að sporna við hjámiðlun

- Takmarka magn seðlabankarafeyris í umferð t.d. með því að setja reglu um hámarksinnstæðu hvers einstaklings og lögaðila
- Hafa áhrif á eftirspurn eftir seðlabankarafeyri með vöxtum (jafnvel neikvæðum) og vaxtaþrepum
- Önnur takmörkun á aðgengi (gates/switching limits) eða stuðningi við banka (veðlán)

Takmarka takmarkanir tilætlað notagildi?

- Tæknilega ekkert í vegi fyrir beitingu þessara takmarkana en vandinn er að þær geta beinlínis takmarkað notagildi seðlabankarafeyris
- Til að ná markmiðum þarf að vera eftirspurn og notkun – má bara ekki vera of mikil og ekki of kvik
- Þetta er klemman!

Hvað gerist næst?



Rannsóknir, safna þekkingu og læra af reynslu annarra



A sama tíma mun fjármálamarkaðurinn og ytra umhverfi okkar, t.d. alþjóðleg greiðslumiðlun, halda áfram að breytast hratt



Það gæti snögglega breytt hagsmunamati okkar um fýsileika þess að hefja útgáfu seðlabankarafeyris, hvort sem er til almennra nota eða heildsölu



Leiðarljós vinnunnar eru þau markmið sem bankanum eru sett með lögum: **að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og virku og öruggu fjármálakerfi**, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd



Takk fyrir

Um smáriki og styrjaldir

(*Vísbinding*, 8. apríl 2022 - 14. tölublað)

Um þessar mundir geisar styrjöld í Evrópu. Gamalt stórveldi vill færa út kvíarnar og drottna yfir nágrönnum sínum. Nágrannarnir vilja vera hluti af Vesturlöndum þar sem velferð þjóða er meiri og frelsi. En er hægt að skýra þessa atburði með hagfræði?

Hagfræðingurinn Alberto Alesina setti fram kenningar um stærð ríkja sem eiga við um þessa atburði.¹ Samkvæmt kenningum hans fylgir því bæði ábati og kostnaður að brjóta upp stór ríki og mynda smærri ríki. Ábatinn er sá að íbúar, og þar með kjósendur, verða yfirleitt samleitnari þannig að ákvarðanir um magn og gerð samneyslu falla betur að smekk íbúanna. Í fjölmönnum ríkjum þar sem íbúar eru misleitir, t.d. í Bandaríkjunum, reynist oft erfitt að komast að lýðræðislegum niðurstöðum sem þorri fólks er sáttur við. Talað er um rauð fylki og blá og niðurstöður forsetakosninga valda yfirleitt stórum minnihluta kjósenda miklum vonbrigðum. Í smárikjum Norðurlanda er auðveldara að ná sátt um niðurstöður enda þjóðir meira samleitnar og lýðræðisleg ákvörðunartaka auðveldari.

En smæðinni fylgir einnig kostnaður sem kemur í veg fyrir að Norðurlöndin sundrist í enn smærri einingar og fylki Bandaríkjanna lýsi yfir sjálfstæði. Kostnaðurinn er sá að með því að slíta sig út úr stærra ríki þá tapar smárikið ýmsum almannagæðum. Þessi gæði eru margs konar. Eitt þeirra eru landvarnir, stærra ríkið getur auðveldlega séð smáriki fyrir landvörnum; annað er gjaldmiðill en sameiginlegur gjaldmiðill auðveldar öll viðskipti; enn annað eru landslög sem semja þarf að nýju í nýfrjálsu smáriki; markaður fyrir framleiðslu er stærri í stórveldinu en í smárikinu og þannig mætti lengi telja.

Sjálfstæðisbarátta Úkraínu

Af því sem hér hefur komið fram má ráða tvær mögulegar orsakir þess að Úkraína vill brjótast undan ægivaldi Kremlar. Fyrri ástæða er sú að íbúar Úkraínu gera aðrar kröfur til ríkisvaldsins en Rússar, þeir vilja önnur samgæði, kannski minni útgjöld til hermála og, umfarm allt, annars konar stjórnkerfi, lýðræði í stað einræðis. Hin ástæða er sú að íbúar Úkraínu kjósa fremur samgæði lýðræðisríkjanna fyrir vestan sig en Rússlands fyrir austan. Þeir vilja fremur nota evru en rúblu; frekar hafa aðgang að innri markaði ESB en rússneska markaðinum; vilja öryggi NATO aðildar fremur en það öryggi sem gæti falist í því að vera hluti af Rússlandi; og frelsi til að flytja búferlum vestur um fremur en í austurátt. Það er nokkuð augljóst að hagvöxtur og velferð er meiri í þeim löndum Austur Evrópu sem hafa tengst Vesturlöndum sterkustu böndunum.²

¹ Sjá Alberto Alesina og Romain Wacziarg, (1997).

² Sjá Gylfa Zoega og Edmund Phelps (2018).

En nú gæti einhver bent á að Putin réttlætir innrás sína með því að Rússlandi stafi ógn af NATO. Hann er þá, allavega í eigin huga, að verja þau sameiginlegu gæði Rússa sem felast í landvörnum. Undir niðri býr þó sennilega óttinn við að Úkraína dafni efnahagslega og lýðræðislega með aðgangi að samgæðum Vesturlanda. Stórveldisdraumar eru væntanlega ekki fjarri. Sennilega óttast Putin mest að hljóta örlög annarra einræðisherra eins og Gaddafi og Saddam Hussein.

Alþjóðasamtök sem forsenda sjálfstæðis

Forseti Úkraínu hefur lagt mikla áherslu á aðild landsins að ESB og NATO. En samgæði þessara samtaka minnka kostnað þess að vera sjálfstætt ríki.

Með aðgangi að sameiginlegum markaði ESB myndast markaður fyrir útflutning landbúnaðarafurða Úkraínu; erlend tæknifyrirtæki hefja starfsemi í landinu; lög og reglur ESB um hinn sameiginlega markað verða þá innleidd í Úkraínu; spilling minnkar eitthvað; íbúar Úkraínu geta þá búið og starfað annars staðar í Evrópu; erlent fjármagn myndi flæða inn í landið og erlend fjárfesting lyfta lífskjörum. Úkraína gæti einnig vonast eftir því að fá traustan gjaldmiðil og lága verðbólgu.

Með aðild að NATO yrði öryggi landsins tryggt, einkum gagnvart Rússlandi.

Norður í haf

Ísland þarf einnig að hámarka kosti þess að vera sjálfstætt ríki og lágmarka kostnaðinn við það og enn frekar í ljósi þess að það eru 126 íbúar í Úkraínu fyrir hvern einn íbúa hér. Eins og Úkraína er það best gert með því að njóta sameiginlegra varna NATO ríkjanna og sameiginlegs markaðs Evrópusambandsins.

Aðild að NATO skiptir lykilmáli fyrir öryggi Íslands. Íslendingar geta prísað sig sæla að það var breski flotinn sem var ráðandi hér í kringum landið á nítjándu öld og fyrri hluta þeirrar tuttugustu og svo sá bandaríski þegar kom fram á seinni heilming þeirrar tuttugustu. Þótt alltaf fylgdi böggull skammrifi þá eru þetta réttar- og lýðræðisríki.

En er það ekki einmitt litil spilling hér á landi, allavega í samanburði við Úkraínu, sem veldur því að minni ástæða er til þess fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið en Úkraínu? Þótt spilling sé einhver hér á landi þá er hún væntanlega mun meiri í Úkraínu og stofnanir hér sterkari? Ólígarkar Úkraínu eru sennilega meiri ógn við lýðræði þar en ólígarkar Íslands hér?

Stofnanir á Íslandi, lög og reglur hafa notið góðs af Evrópusamstarfinu á síðustu áratugum. Segja má að Ísland hafi orðið nútímasamfélag með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu árið 1993. Þeirri aðild fylldi sú skylda að taka upp lög og reglur innri i markaðarins; markaðar með vörur og þjónustu,

vinnuafli og fjármagn. Stór hluti innlendrar löggjafar er tekinn frá Evrópusambandinu. Í mörgum tilvikum eru þetta lög sem ekki hefðu ekki verið samin utan þessa samstarfs. Þar má sem dæmi nefna samkeppnislögin (lög nr. 8/1993 samkeppnislög), lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES svæðisins (47/1993), lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum (83/1993) og þannig mætti lengi telja. Á fyrstu 13 árunum eftir aðild að EES voru alls sett 1656 lög á Alþingi og af þeim voru 358 undir beinum eða óbeinum áhrifum af EES aðildinni.³

Það er erfitt að ímynda sér að ráðandi flokkar á Íslandi hefðu að eigin frumkvæði komið fram með samkeppnislög og stofnað öflugt samkeppniseftirlit. Hér á landi tíðkuðust helmingaskipti í bankastarfsemi, rekstri tryggingafyrirtækja, sölu á eldsneyti (bæði smásölu og svo flokkun stórra viðskiptavina), framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli, skipaflutningum og þannig mátti lengi telja. Þau fyrirtæki sem voru öflugust voru þau sem höfðu bestu tengingarnar inn í ráðandi stjórnmalaflokka. Það þurfti Evrópusambandið til að minnka óheibrigt samkrull viðskipta og stjórnmála þótt slíkt virðist enn vera töluvert vandamál.

Breytt heimsmynd

Innrás Rússa í Úkraínu hefur breytt umhverfi okkar bæði efnahagslega og þegar kemur að varnarmálum.

Þau samgæði sem felast í landvörnum skipta nú meira máli heldur en fyrir aðeins nokkrum vikum síðan. Evrópuþjóðirnar hafa stóraukið framlög til varnarmála til þess að geta staðið sem mest á eigin fótum andspænis þeirri ógn sem stafar af Rússlandi. Sjálfstæði í varnarmálum skiptir meira máli vegna þess að reynslan af ríkisstjórn Donald Trump hefur kennt álfunni að Bandaríkjunum er ekki eins vel treystandi til að koma Evrópuríkjunum til bjargar og áður var talið.

Alþjóðavæðingin gengur nú hratt til baka. Efnahagsleg tengsl Bandaríkjanna og Kína fara minnkandi. Bandaríkin færa framleiðslu frá Kína til þess að stytta framleiðslukeðjur og vera minna háð Kína um ýmis aðföng og framleiðslu. Í Evrópu er kerfisbundið verið að slíta viðskiptatengslum við Rússland og ekki fyrir séð að Rússland verði aftur velkominn viðskiptafélagi Evrópuríkjanna á næstu árum.

Af þessum sökum hefur mikilvægi Evrópusambandsins aukist til muna fyrir Ísland. Á næstu árum verða Evrópuríkin mun öflugri en síðustu áratugi þegar kemur að landvörnum og lega Íslands gerir það nauðsynlegt fyrir þau og Bandaríkin að koma í veg fyrir að landið fari á áhrifasvæði Rússa. Markaður ríkjanna verður enn mikilvægari en áður fyrir okkar útflutningsgreinar. Á varasömum tímum er mikilvægt að eiga bandamenn og smáriki innan Evrópusambandsins mega sín meira en utan þess.

³ Sjá https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Ymislegt/Altingi_-_EES_tengd_loggjof.pdf.

En Evrópusambandið hafði þegar sannað mikilvægi sitt fyrir átökin í Evrópu þegar annars konar ógn steðjaði að landsmönnum. Íslendingar voru hvað fremstir í því að bólusetja gegn farsóttinni og bóluefnin komu hingað frá Evrópusambandinu. Það eru samgæði að geta haft hemil á farsótt og innan samtakanna er tryggt öll ríki, smá og stór, hafi sem jafnastan rétt.

Lokaorð

Ýmsir stjórnmalaleiðtogar hér á landi hafa gert lítið úr Evrópusamstarfinu, talað um ESB sem logandi hús vegna skuldavanda Grikklands og fleiri ríkja í Suður Evrópu, talið hagsmunum Íslands betur borgið utan sambandsins og talað upp samskipti við Kína og stundum einnig Rússland. Þegar bankarnir féllu var farið til Putins og hann beðinn um fjármagn sem hefði haft ófyrirsjáanleg áhrif á stöðu landins. Spyja má af hverju Putin bauð fram fé og af hverju íslensk sendinefnd var boðin velkomin til Moskvu til þess að semja um slíkan stuðning!

Í nýlegu viðtali við fyrrverandi forseta lýðveldisins lýsir hann því yfir að Evrópa eigi í miklum erfiðleikum vegna úrsögn Bretlands úr ESB, að Bandaríkin séu klofin og varla stjórnæk á meðan stórkostlegur árangur hafi náðst í Kína þar sem betur hafi tekist að stjórna misleitri þjóð. Asía verði álfa tuttugustu og fyrstu aldar.⁴

Sjaldan er þess getið að áfallið 2008 stafaði ekki af óvild Vesturlanda heldur innlendri svikamillu; að innlenda velsæld megi að miklu leyti að rekja til Evrópusamstarfsins; og að ekki megi leggja að jöfnu lýðræði og einræði.

Lýðræði er ekki fullkomið og í lýðræðisríkjum verða oft og reyndar stöðugt deilur og sundrung. En með því að leyfa mismunandi sjónarmiðum að koma fram kemur lýðræði í veg fyrir verstu stjórnvaldssmistökin og gefur þjóðum möguleika á að skipta um stjórnvöld á friðsamlegan hátt.

Markaðshagkerfi er einnig ekki fullkomið en ekkert annað kerfi hefur reynt betur að lyfta lífskjörum og þá hjálpar velferðarkerfi eins og þau sem þekkjast í Evrópu. Vel skilgreindur og varinn eignaréttur, óspilltir dómstólar og samfélag sem byggist á lögum og rétti eru forsendur þess að markaðshagkerfi dafni. Þær er ekki að finna í Kína!

Hugmyndirnar um alþjóðlega fjármálamiðstöð sem ekki nyti þeirra samgæða sem felast í traustri mynt, fjármálaeftirliti og sterkum seðlabanka reyndust byggðar á sandi. Hugmyndir um að gefa Evrópu á bátinn og bjóða Kína velkomið eru byggðar á sama sandi. Skoðanaskipti og deilur í lýðræðisríkjum eru einmitt styrkleiki þeirra.

⁴ Sjá <https://hringbraut.frettabladid.is/sjonvarp/mannam%C3%A1l/olafur-ragnar-grimsson-fyrri-thattur/>
<https://hringbraut.frettabladid.is/sjonvarp/mannam%C3%A1l/olafur-ragnar-grimsson-seinni-thattur/>

Það er tími til að velja hvar í þessum nýja landslagi stórvelda Ísland verður. Vonandi verður það meðal lýðræðisríkja Evrópu.

Straumhvörf í hagstjórn

(*Vísbinding*, 13. Maí, 18. Tölublað)

Fljótt skipast verður í lofti. Undanfarin tvö ár hafa viðbrögð við farsótt mótað bæði peningastefnu og stefnu í ríkisfjármálum. Hallarekstur ríkissjóðs studdi við innlenda eftirspurn og hélt lífinu í fyrirtækjum í ferðaþjónustu og tengdum greinum. Sjálfvirkum sveiflujöfnurum var einnig leyft að hafa áhrif á heildareftirspurn, samdráttur skattstofna kom fram í auknum hallarekstri. Halli á rekstri ríkissjóðs var þannig 8,2% af VLF á síðasta ári. Á sama tíma voru vextir lækkaðir um 200 punkta, úr 2,75% í 0,75%, og laust fé í bankakerfinu aukið með lækkun bindiskyldu og afnámi 30 daga bundinna innlána í seðlabanka ásamt öðrum aðgerðum.

Markmið Covid aðgerðanna var að vernda þann hluta hagkerfisins sem ekki varð fyrir beinum áhrifum af farsóttinni með því að örva almenna eftirspurn. Segja má að þessu markmiði hafi verið náð þótt nú megi líta í baksýnispegilinn og spyrja hvort of langt hafi verið gengið. Áhrif vaxtalækkananna voru mikil og komu m.a. fram í mikilli hækkun húsnæðisverðs en kostnaður vegna eigin húsnæðis hafði í apríl hækkað um 17,2% síðustu 12 mánuði. Þessi hækkun, sem ekki var fyrir séð, hefur haft örvandi áhrif á framkvæmdir í greininni og í gegnum auðsáhrif á einkaneyslu.

Verðbólguvandi

Þótt ekki sé útilokað að ný afbrigði af Covid veirunni komi upp á næstu mánuðum er nú útlit fyrir að áhrif farsóttarinnar séu að fjara út. Búist er við auknum fjölda ferðamanna á komandi mánuðum og að þeir verði um 1,4 milljón á árinu. Einkaneysla og fjárfesting fara vaxandi og styrjöldin í Úkraínu hefur jákvæð áhrif á viðskiptakjör í gegnum hærra fiskverð sem stafar af viðskiptabanni á Rússland. Hagvöxtur var 4,3% á síðasta ári og búist er við að hann verði 4,6% á þessu ári.

Hagkerfi okkar og flestra vestrænna ríkja glíma nú skyndilega við gamalkunnugt vandamál sem er vaxandi verðbólga. Þótt viðbrögð við verðbólgu séu þekkt þá getur hún orðið langvinn ef viðbrögð eru ekki rétt eins og reynslan frá áttunda og níunda áratug síðustu aldara sannar. Verðbólgan stafar að hluta af hnökrum á framboðshlið. Skyndileg aukning eftirspurnar á Vesturlöndum eftir ýmis konar varningi hefur skapað umframeftirspurn og það tekur tíma að auka framboð. Viðbrögð við farsóttinni í Kína um þessar mundir hafa í för með sér mikla truflun á framboði vöru á heimsmarkaði en þar hefur stórborgum verið lokað til að hefta farsóttina. Styrjöldin í Úkraínu hefur einnig minnkað framboð á

hveiti og ýmsum öðrum landbúnaðarafurðum. En verðbólgan er einnig heimatilbúin. Mikil eftirspurn eftir vörum og þjónustu stafar að miklu leyti af áhrifum hagstjórnar sem hefur haft að markmiði að örva eftirspurn. Hér á landi hefur einkaneysla aukist vegna þess að heimili hafa byrjað að ráðstafa umframsparnaði sínum frá Covid árunum tveimur, kaupmáttur launa er mikill og raunvextir neikvæðir, ekki bara virkir vextir Seðlabankans heldur einnig raunvextir á óverðtryggðum nýjum húsnæðislánunum (4,79% breytilegir nafnvextir hjá Arion banka). Við þessar aðstæður er ekki einungis einkaneysla að vaxa hratt heldur einnig fjárfesting fyrirtækja.

Atvinna vex hratt og atvinnuleysi mælist nú 4,1% og er á niðurleið. Störfum fjölgar hratt og stór hluti fyrirtækja segist ætla að bæta við sig starfsfólki á næstu mánuðum. Frekari lækkun atvinnuleysis mun leiða til spennu á vinnumarkaði með tilheyrandi þrýstingi á laun. Fleiri fyrirtæki segja að þau vilji fjölga starfsfólki á næstu sex mánuðum en áður (39%).

Verðbólgan einskorðast ekki við húsnæðisliðinn, verð almennrar þjónustu hefur hækkað um 5,7% síðustu 12 mánuði og launavísitalan um 7,2% á milli ára. Verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði hafa hækkað. Samkvæmt könnunum búast markaðsaðilar við því að verðbólga verði 5% að ári liðnu og 3,5% eftir tvö ár.

Viðbrögð hagstjórnar

Við aðstæður sem þessar er mikilvægt að hagstjórn bregðist við með aðhaldi. Á skömmum tíma verður peningastefna og ríkisfjármál að skipta um gír. Útlit er fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs fari minnkandi næstu tvö árin bæði vegna vaxandi skatttekna og vegna þess að Covid aðgerðum er hætt. Hann var 8,2% árið 2021 og spáð er að hann verði 4,7% árið 2022 og minnki enn meira árið 2023. Peningastefnan hefur þegar orðið aðhaldssamari. Covid lækkanirnar voru teknar til baka í nokkrum skrefum og voru virkir vextir Seðlabankans 2,75% fyrir síðustu vaxtaákvörðun sem eru sömu vextir og voru í byrjun árs 2020 áður en farsóttin barst til landsins. Nú í maí voru virkir vextir síðan hækkaðir um 100 punkta og eru nú 3,75%. Engu að síður eru virkir raunvextir, mismunur nafnvaxta og verðbólgu, neikvæðir en síðasta verðbólguæling var 7,2%.

Þegar litið er fram í tíma þá er hætta á vaxandi verðbólgu. Neikvæðir raunvextir styðja enn við eftirspurn og þótt ríkisfjármálastefnan sé að verða aðhaldssamari þá er sú breyting ekki kröftug. Í haust verða kjarasamningar lausir. Sambland mikillar og vaxandi verðbólgu, neikvæðra raunvaxta, vaxandi eftirspurnar og spennu á vinnumarkaði getur hæglega framkallað miklar launahækkanir og vaxandi verðbólgu.

Við þessar aðstæður er mikilvægt að peningastefna og ríkisfjármál séu samstillt jafnframt því sem aðilar vinnumarkaðs sýni ábyrgð með því að taka þjóðhagslegar afleiðingar kjarasamninga til greina við gerð þeirra. Á næstu mánuðum er nauðsynlegt að virkir vextir Seðlabankans hækki nægilega mikið til þess að raunvextir hans verði jákvæðir að nýju. Það hversu mikið nafnvextir munu þurfa að hækka fer þá eftir þróun verðbólgu. Jafnframt þarf að taka aftur þær aðgerðir sem juku við laust fé í bankakerfinu. Þessar aðgerðir myndu auka peningalegt aðhald verulega frá því sem nú er. Virkir vextir sem eru 3,75% væru nægilega háir ef verðbóga væri í markmiði, 2,5%, en hún er langt yfir markmiði og gæti vaxið enn frekar á næstu mánuðum. Aukið aðhald í ríkisrekstri myndi auðvelda hagstjórn með því að draga úr þörfinni á vaxtahækkunum. Ekki er þó líklegt að sú verði raunin.

Á vinnumarkaði er samið um skiptingu þjóðartekna á milli fjármagns og launa. Ósætti leiðir þá til ófriðar sem yfirleitt endar í því að laun hækka meira en framleiðni sem síðan veltur út í verðlag. Auðvelt er að benda launþegahreyfingunni á að stilla kaupkröfum í hóf en einnig verður að gera þær væntingar til eigenda fjármagns að stilla eigin væntingum í hóf. Í kennslubókum í hagfræði er bent á að leiðin til friðar á vinnumarkaði sé að hafa nægilegan slaka á vinnumarkaði til þess að aðilar verði sammála og er þá talað um jafnvægisatvinnuleysi. Núverandi atvinnuleysi, 4,1%, er samkvæmt mati Seðlabankans nálægt jafnvægi sínu. Líklegt er að atvinnuleysi lækki á næstu vikum og mánuðum og fari þá undir jafnvægisstig sitt jafnframt því sem framleiðsluspenna myndist, eftirspurn meiri en sú framleiðslugeta sem samræmist verðstöðugleika. Þótt aðflutningur erlends vinnuafls muni auka framleiðslugetu þá mun skv. mati Seðlabankans engu að síður myndast vaxandi verðbólguþrýstingur við óbreytta vexti.

Að ganga (ekki) í takt

Auðvelt er að benda á hvernig best væri að bregðast við þeim aðstæðum sem nú blasa við. Aðhald ríkisfjármála er þá aukið á þessu ári og því næsta meira en nú er gert ráð fyrir með hækkun skatta eða lækkun útgjalda; vextir seðlabanka hækka í júní og ágúst og þá einnig raunvextir bankans og raunvextir útlána viðskiptabanka og lifeyrissjóða; og aðilar vinnumarkaðs koma sér saman um hóflegar launahækkanir sem samræmast lægri verðbólgu.

En hvernig er útlitið þegar þetta er skrifað? Sumir leiðtogar launþega hrópa hástöfum þegar vextir hækka í 3,75% þótt raunvextir séu neikvæðir og raunvirði óverðtryggðra lána að lækka um rúmlega 7% á ári. Jafnframt er ekki að heyra enn sem komið er að vilji sé til sátta á vinnumarkaði í haust. Og á fjármagnshlið vinnumarkaðarins er heldur ekki að heyra sáttatón. Eigendur margra stórra skráðra fyrirtækja greiða

sér milljarða í arð. Mörg þessara fyrirtækja starfa við skilyrði fákeppni í krónuhagkerfinu þar sem hagnaður stafar ekki að fullu af því að stjórnendur hafi tekið áhættu í ákvörðunum eða komið með nýjungar í rekstri, svo vægt sé til orða tekið. Fréttir berast einnig af háum launagreiðslum stjórnenda margra af þessum fyrirtækjum.¹ Þótt þessar launagreiðslur skipti litlu máli í þjóðhagslegu samhengi þá gefa þær tóninn fyrir hinn almenna vinnumarkað. Viðskiptabankar fækka útibúum og draga úr kostnaði sínum og greiða síðan út milljarða arð.² Greiðslukerfið er dýrt og fer í gegnum þessa viðskiptabanka, kortafyrirtæki í erlendri eigu og erlend kortafyrirtæki og ekki bólar á ódýrri innlendri greiðslumiðlun.³

Skortur á samstöðu og samhæfingu peningastefnu og ríkisfjármála mundi líklega hafa í för með sér að vextir seðlabanka verði að hækka meira en annars væri nauðsynlegt á þessu ári og því næsta.

Hvernig getur farið illa?

Þau okkar sem eldri erum getum auðveldlega gert sér í hugarlund hvernig mál geta þróast á neikvæðan hátt næstu misseri. Byrjendakennslubækur í hagfræði lýsa því hvernig hækkandi verðbólguvæntingar valda því að krafist verður hærri launa í haust til þess að bæta launafólki upp bæði verðbólgu þessa árs og væntanlega verðbólgu á næsta ári. Þessar launahækkanir fara síðan út í verðlag sem kallar á enn aðrar launahækkanir. Slík víxlverkun launa og verðlags getur varað í áraraðir. Þegar svo seðlabankar reyna ná tókum á verðbólgunni þá krefst slíkt atvinnuleysis með tilheyrandi hörmungum fyrir þá sem fyrir því verða.

Verðbólga er nú 8,5% í Bandaríkjunum og 7% í Bretlandi og fer vaxandi. En seðlabankavextir eru einungis á bilinu 0,75-1% í fyrrnefnda ríkinu og 1% í Bretlandi. Í nágrenni okkar mælist verðbólga nú 6,7% í Danmörku, 6,0 í Svíþjóð og 5,4% í Noregi. Seðlabankavextir eru einungis 0,25% í Svíþjóð, -0,45 í Danmörku og 0,75% í Noregi. Allar líkur eru á því að vaxtahækkanir hafi byrjað of seint of verið of litlar í þessum löndum sem

¹ <https://www.ruv.is/frett/2022/03/15/forstjorar-haekka-um-margfold-arslaun-eflingarfolks>.

² Sjá [Arion banki hagnaðist um 28,6 milljarða og borgar 1,6 milljarð í bónusa \(kjarninn.is\)](https://www.islandsbanki.is/is/frett/nidurstodur-adalfundar-2022); <https://www.islandsbanki.is/is/frett/nidurstodur-adalfundar-2022>; <https://www.vb.is/frettir/vis-hagnast-um-77-milljarda-krona/173107/>; svo nokkur dæmi séu nefnd.

³ <https://kjarninn.is/skyring/2019-11-06-litid-ad-fretta-af-greidslulausn-reiknistofu-bankanna/>.

síðan kallar á hærri vexti og meiri samdrátt á næstu árum. Mistökin frá áttunda ártuginum hafa þá verið endurtekin.^{4,5}

⁴ Danmörk hefur ekki sjálfstæða peningastefnu, fylgir evruvöxtum að mestu til að viðhalda föstu gengi.

⁵ Sjá t.d. Martin Wolf, *Financial Times* 11. maí 2022: „A soft landing in the US is possible but unlikely,” <https://www.ft.com/content/1b71d690-86a9-4315-ae67-57876acc6161>. Sjá einnig Olivier Blanchard, 22 mars 2022: „Why I worry about inflation, interest rates, and unemployment,” <https://www.piie.com/blogs/realtime-economic-issues-watch/why-i-worry-about-inflation-interest-rates-and-unemployment>.

Article published in the Central Bank's Kalkofn

10. júní 2022

Verðbólguhorfur hafa versnað og mikilvægt að bregðast ákveðið við

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands ákvað á fundi sínum 4. maí sl. að hækka vexti bankans um 1 prósentu í 3,75%. Vextir eru því orðnir 1 prósentu hærri en þeir voru áður en COVID-19-faraldurinn barst til landsins í lok febrúar 2020. Þeir eru þó enn 0,75 prósentum lægri en þeir voru þegar vaxtalækkunarferlið hófst í maí 2019 vegna efnahagsáfalla sem þá dundu á þjóðarbúinu í kjölfar samdráttar í ferðaþjónustu eftir fall flugfélagsins WOW Air og minni útflutnings sjávarafurða vegna loðnubrests. Í kjölfar COVID-19-faraldursins voru vextir bankans lækkaðir um 2 prósentur og náðu sögulegu lágmarki í 0,75%. Markmið vaxtalækkana eftir að faraldurinn barst til landsins var að styðja við þjóðarbúið á miklum óvissutímum.

Raunvextir seðlabankans [1], sem gefa betri mynd af taumhaldi peningastefnunnar hverju sinni, eru aftur á móti töluvert lægri en nafnvextir og mælast -2,4% ef miðað er við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingum. Þeir voru 0,5% í febrúar 2020 og 1% þegar vaxtalækkunarferlið hófst í maí 2019. Peningastefnan styður því enn við þjóðarbúið þrátt fyrir að merki séu um að spennan sé tekin að myndast og horfur séu á að verðbólga verði ekki komin að markmiði fyrr en um mitt ár 2025.

Í yfirlýsingu og fundargerð peningastefnunefndar frá því í maí sl. kemur fram að nefndin taldi þá líklegt að herða þyrfti taumhald peningastefnunnar enn frekar. Þær hagtölur sem birst hafa í kjölfarið styðja við það enda virðist krafturinn í þjóðarbúinu meiri en þá var gert ráð fyrir. Samkvæmt nýbirtum bráðabirgðatölum þjóðhagsreikninga fyrir fyrsta fjórðung ársins jukust þjóðarútgjöld töluvert meira en spáð var eða um rúmlega 11% og mældist hagvöxtur 8,6% en í maíspá Peningamála var búist við 5,5% hagvexti. Allar tölur af vinnumarkaði sýna að staðan þar er þegar orðin betri en hún var áður en farsóttin barst til landsins og á flesta mælikvarða betri en hún var fyrir fall WOW Air vorið 2019.

Verðbólga hefur aukist hratt hér á landi og um allan heim ...

Þegar peningastefnunefnd kom saman í febrúar sl. höfðu horfur varðandi faraldurinn batnað töluvert en horfur voru á aukinni verðbólgu bæði hér á landi og alþjóðlega. Frá því í febrúar hafa verðbólguhorfur aftur á móti versnað hratt enda hefur innrás Rússa í Úkraínu og refsiaðgerðir gagnvart Rússlandi leitt til mikillar hækkunar á verði orkugjafa og annarrar hrá- og matvöru. Þá er hætt við að átökin og hertar sóttvarnaðgerðir í Kína valdi því að lengur taki að vinda

ofan af þeim framleiðsluhnöknum sem hrjáð hafa heimsbúskapinn undanfarin tvö ár. Efnahagshorfur í helstu viðskiptalöndum okkar, sérstaklega í Evrópu, höfðu því versnað töluvert þegar peningastefnunefnd fundaði í maí og útlit var fyrir töluvert meiri og þrálátari verðbólgu en gert hafði verið ráð fyrir í febrúar.

Verðbólga á Íslandi mælist nú 7,6% sem er svipað og í mörgum ríkjum evrusvæðis en hún mælist 8,6% í Bandaríkjunum, 9% í Bretlandi og 9,2% að meðaltali í OECD-ríkjunum (mynd 1). Þegar horft er fram hjá miklum hækkunum orku- og matvælavæðs mælist verðbólga í Bandaríkjunum og Bretlandi hins vegar áþekk og hér á landi en töluvert minni á evrusvæðinu (mynd 2). Alþjóðleg verðbólga hefur ekki verið jafn mikil í áratugi og hafa seðlabankar endurskoðað verðbólguþrá sínar ítrekað upp á við undanfarin misseri í kjölfar nýrra áfalla.

... og vextir hafa verið hækkaðir

Viðbrögð seðlabanka við aukinni verðbólgu og versnandi verðbólguhorfum hafa verið mismikil en nánast öll OECD-ríki hafa hafið vaxtahækkunarferli eftir langan tíma sögulega lágra vaxta. Í sumum ríkjum hafa vextir verið hækkaðir mjög mikið (mynd 3). Um allan heim gætir áhrifa framleiðslu- og stríðsins í Úkraínu og refsiaðgerða gagnvart Rússlandi á verð hrá- og orkuvöru. Undirliggjandi verðbólguþrýstingur er hins vegar mismikill og skýrir sá munur m.a. ólíka orðræðu stóru seðlabankanna beggja vegna Atlantshafsins um viðbrögð við aukinni verðbólgu, en tónninn hefur þó breyst hratt undanfarið. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur nú brugðist ákveðið við og hækkaði vexti um 0,5 prósentur á maífundinum og gaf skýrt til kynna að vextir bankans yrðu hækkaðir frekar á næstunni. Evrópski seðlabankinn hefur ekki kveðið eins hart að orði enda er undirliggjandi verðbólga ekki eins mikil þar (mynd 2) og efnahagsbatinn í kjölfar COVID-19-faraldursins skemmra á veg kominn. Bankinn hefur þó dregið úr stuðningi sínum við þjóðarbúskapinn með því að draga úr skuldabréfakaupum og tilkynnt um að þeim verði hætt í júlí og tilgreint að bankinn myndi þá einnig hefja vaxtahækkunarferli. Aðrir seðlabankar minni ríkja með styttri sögu verðstöðugleika hafa almennt brugðist hraðar og meira við auknum verðbólguþrýstingi, til að mynda Chile, Tékkland og Ungverjaland (mynd 3). Þá hafa mörg önnur nýmarkaðsríki hækkað vexti töluvert meira en þróuð ríki.

Verðbólguvæntingar hafa einnig hækkað víða og eru sums staðar yfir verðbólguþrýstingnum (mynd 4). Þróun verðbólguvæntinga hefur mikil áhrif á viðbrögð seðlabanka. Í þeim löndum þar sem undirliggjandi verðbólga er ekki mikil og verðbólguvæntingar enn við markmið er auðveldara að meta sem svo að hægt sé að leyfa aukinni verðbólgu t.d. vegna áhrifa stríðsins „að ganga yfir“ án mikilla viðbragða peningastefnunnar. Viðbrögðin fara þó einnig eftir áætluðum viðbrögðum annarra aðila t.d. í atvinnulífi, á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum og líklegu umfangi svokallaðra annarrar umferðar áhrifa. Annarrar umferðar áhrif verðbólgu geta komið fram í meiri og almennari verðhækkunum á vöru og

þjónustu til þess að bregðast við auknum innfluttum verðbólguþrýstingi en einnig launakröfum til að bæta upp minni kaupmátt vegna áhrifa verðbólgu. Þannig verður til vítahringur verðlags- og launahækkana sem getur leitt til þrálátrar verðbólgu sem viðhelst löngu eftir að þeir tímabundnu skellir sem komu henni á stað hafa fjarað út. Í þeim ríkjum þar sem verðbólguvæntingar hafa lengi verið rækilega tryggðar við markmið (eða jafnvel undir markmiði) er eðlilegt að áætla að minni líkur séu á slíkri víxlverkun en þar sem verðbólguvæntingar hafa verið sveiflukenndar og ítrekað mælst yfir markmiði. Í þeim löndum þar sem styttra er liðið frá því að verðbólga var yfir markmiði um nokkurt skeið hefur yfirleitt verið brugðist ákveðið við versnandi verðbólguhorfum. Seðlabankar leyfa sér þá síður að bíða og sjá og taka ekki áhættuna á því að núverandi verðbólga leiði til annarrar umferðar áhrifa sökum hækkandi verðbólguvæntinga. Þetta á við um Seðlabanka Íslands sem var meðal fyrstu seðlabanka þróaðra ríkja til að hækka vexti í fyrri.

Undirliggjandi verðbólga hefur aukist hér á landi og verðbólguhorfur versnað ...

Verðbólga hér á landi hefur verið yfir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans í u.þ.b. tvö ár og yfir 4% síðan í ársbyrjun 2021. Margir þættir hafa lagst á sömu sveif og erfitt hefur reynst að sjá fyrir áhrif faraldursins hér eins og annars staðar. Á fundi peningastefnunarinnar í maí höfðu horfurnar breyst mikið frá febrúarfundi nefndarinnar m.a. vegna áhrifa stríðsátakanna. Í maíspánni var gert ráð fyrir að verðbólga myndi aukast í rúmlega 8% á þriðja ársfjórðungi sem er 2,8 prósentum meiri verðbólga en spáð var í febrúar og að hún verði ekki komin niður fyrir 4% fyrr en í lok næst árs. Verðbólgu mælingin sem birtist í lok maí sýnir eins og gert var ráð fyrir aukna verðbólgu. Miðað við þann kraft í þjóðarþýskunum sem kemur fram í tölum þjóðhagsreikninga fyrir fyrsta ársfjórðung gæti verðbólga jafnvel orðið meiri á seinni hluta ársins en talið var í maí.

Samsetning verðbólgunnar hefur einnig breyst á árinu. Framlag innfluttrar vöru hefur aukist í kjölfar hækkunar á hrávöruverði og aukinnar alþjóðlegrar verðbólgu (mynd 5). Enn má rekja stóran hluta verðbólgunnar til húsnaðisliðar vísitölu neysluverðs sem endurspeglar kröftuga innlenda eftirspurn ekki síður en skort á framboði húsnaðis. Framlag innlendrar vöru og almennrar þjónustu hefur einnig aukist vegna mikillar eftirspurnar. Verðbólguþrýstingur er því orðinn almennari en hann var í fyrri og í upphafi árs sem sjá má skýrt í hraðri aukningu undirliggjandi verðbólgu sem mældist 5,5% í maí [2]. Þá er hlutdeild þeirra undirliða í vísitölu neysluverðs sem hækka meira en sem nemur verðbólgu markmiðinu komið nokkuð yfir sögulegt meðaltal. Jafnframt benda niðurstöður vorkönnunar Gallup á væntingum stjórnenda fyrirtækja til þess að mikil hætta sé á að aukinn kostnaðarþrýstingur haldi áfram að skila sér út í verðlag.

... og kjölfesta verðbólguvæntinga mögulega veikst

Líkt og við er að búast við slíkar aðstæður hafa verðbólguvæntingar hækkað á alla mælikvarða. Verðbólguvæntingar til skemmri tíma hafa hækkað hratt undanfarið en þær litast jafnan af þróun mældrar verðbólgu. Það sem veldur meiri áhyggjum er aukin hætta á að kjölfesta verðbólguvæntinga við markmið hafi veikst þar sem langtímaverðbólguvæntingar heimila, fyrirtækja og markaðsaðila hafa einnig hækkað undanfarna mánuði. Slíkar væntingar hafa víðtæk áhrif á verðlagningu almennt. Þeir sem semja um laun og fyrirtæki sem semja um afurða- og aðfangaverð, verðleggja sig fram í tímann. Væntingar okkar um verðbólgu hafa áhrif á ákvarðanir okkar allra, heimila og fyrirtækja og þannig verða til þessi annarrar umferða áhrif sem fjallað var um hér að framan.

Verðbólguhorfur hafa því versnað umtalsvert og leggst þar margt á sömu sveif. Nærhorfur hafa versnað vegna aukinnar alþjóðlegrar verðbólgu, sóttvarnaraðgerða í Kína og hækkunar hrávöruverðs í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu. Þá leiðir hækkun langtímaverðbólguvæntinga til þess að lengri tíma kann að taka að ná verðbólgu niður en ella. Auk þess mun niðurstaða komandi kjarasamningsviðræðna hafa mikil áhrif á verðbólguþróun á næstu árum. Ljóst er einnig að óvissa um horfurnar hefur aukist verulega. Í ljósi þess hversu lengi verðbólga hefur verið yfir markmiði og að verðbólguvæntingar eru teknar að hækka er vaxandi hætta á að kjölfesta verðbólguvæntinga við markmið hafi veikst og áhættan á annarrar umferðar áhrifum aukist (mynd 6). Allir þessir þættir hafa mikil áhrif á mótun peningastefnunnar.

Í sögulegu samhengi eru vextir ennþá lágir og veita enn töluverðan stuðning við þjóðarbúið þrátt fyrir að talið sé að slakinn sé horfinn og spenna tekin að myndast en raunvextir bankans eru eins og áður sagði nú -2,4% (mynd 7). Mat Seðlabankans á hlutlausum skammtímaraunvöxtum, þ.e. þeim raunvöxtum sem að öðru óbreyttu þarf til að halda verðbólgu í markmiði og tryggja fulla nýtingu framleiðsluþátta, er að þeir séu um 1%. Stuðningur peningastefnunnar við þjóðarbúskapinn er því enn mikill og, eins og kom fram í maí yfirlýsingu peningastefnunefndar, því líklegt að hækka þurfi vexti meira til að herða aðhaldið. Rétt er þó að hafa í huga að lægri verðbólguvæntingar og minni verðbólga hefðu einnig áhrif til hækkunar raunvaxta og ykju þannig taumhaldið og því þyrfti ekki að hækka nafnvexti jafn mikið. Sem dæmi má nefna að væru væntingar almennings, fyrirtækja og markaðsaðila í markmiði, en verðbólga, verðbólguálag og verðbólguþá Seðlabankans sú sama miðað við meðaltal þessara mælinga væru raunvextir nú -0,9%.

Seðlabankanum hefur verið falið að stuðla að stöðugu verðlagi en ákvarðanir í atvinnulífi, á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum leika einnig lykilhlutverk

Í fyrsta skipti í áratugi blasir við tími vaxandi verðbólgu á alþjóðlegum vettvangi. Hérlandis þarf þó ekki að líta eins langt aftur í tímann og víða annars staðar til þess að sjá sambærilega eða meiri verðbólgu. Árangursrík stjórn peningamála á sér styttri sögu hérlandis en í þeim löndum sem við berum okkur yfirleitt saman við. Sama á við um kjölfestu verðbólguvæntinga við markmið. Ljóst er að það er vel hægt að viðhalda hér stöðugu verðlagi til langs tíma og beita peningastefnunni til þess að milda áhrif hagsveiflna eins og síðastliðinn áratugur ber merki um. Vaxtalækkarnir og aðrar aðgerðir sem Seðlabankinn og stjórnvöld gripu til í kjölfar heimsfaraldursins gátu einmitt stutt við innlenda eftirspurn og þannig dregið úr neikvæðum áhrifum efnahagsfallsins á tekjur og störf. Þetta var m.a. hægt vegna aukins trúverðugleika peningastefnunnar og höfðu því versnandi horfur í kjölfar faraldursins takmörkuð áhrif á verðbólguvæntingar til lengri tíma. Markmið aðgerðanna náðist, kaupmáttur jókst og atvinnuleysi er nú svipað og það var fyrir farsóttina. Áhrif faraldursins á efnahagslífið reyndust því minni en gert var ráð fyrir í upphafi, m.a. út af áðurnefndum aðgerðum, og batinn hraðari. Hins vegar hafa margir þættir lagst á sömu sveif og leitt til aukinnar verðbólgu; ný afbrigði veirunnar og sóttvarnaaðgerðir hafa ítrekað dregið úr framboði á sama tíma og eftirspurn eftir ákveðnum vörum hefur verið kröftug, m.a. vegna breytts neyslumynsturs vegna sóttvarnaaðgerða og vegna uppsafnaðs sparnaðar. Við bætist nú innrás Rússa í Úkraínu og refsiaðgerðir gagnvart Rússlandi. Verðbólguvæntingar hafa jafnframt hækkað og þá er hætt á að verðbólga gæti orðið þrálát ef ekki er brugðist ákveðið við. Eðlilegt er að dregið sé úr þeim stuðningi sem peningastefnan veitti þjóðarbúinu nú þegar efnahagsbatinn er vel á veg kominn, framleiðslulaki líklega horfinn og útlit fyrir að atvinnuleysi muni halda áfram að minnka. Þrálát aukning verðbólgu, versnandi verðbólguhorfur og hækkun verðbólguvæntinga kalla á að stigið sé fast til jarðar. Peningastefnunefnd horfir ekki á hækkun vísitölu neysluverðs eina og sér. Nefndin horfir einnig á mælikvarða á undirliggjandi verðbólgu, hvaða verðhækkarnir eru líklegar til að vera tímabundnar og hvenær sé rétt að bregðast við. Þótt hækkun húsnæðisverðs vegi vissulega þungt í hækkun vísitölu neysluverðs um þessar mundir eru aðrir undirliggjandi þættir sem hafa valdið nefndinni áhyggjum og það hvað verðbólguþrýstingur er almennur. Allir virðast þeir benda í sömu átt, þ.e. að verðbólguþrýstingur sé að aukast og muni halda því áfram að öðru óbreyttu verði ekki áfram dregið úr stuðningi við þjóðarbúið. Þegar verðbólguvæntingar haldast við markmið kann að vera við ákveðnar aðstæður óhætt að leyfa verðhækkunum að ganga yfir án þess að nauðsynlegt sé að bregðast við með hækkun vaxta. Eftir því sem verðbólga er þrálátari og áhrifin á verðbólguvæntingar verða meiri eru slík viðbrögð ekki möguleg því ef brugðist er of hægt eða of seint við eykst hætt á

því að hækka þurfi vexti hraðar og meira en ella og að þeir þurfi að vera háir lengur.

Það er lögbundið markmið peningastefnu Seðlabanka Íslands að stuðla að stöðugu verðlagi og vextir eru megintæki Seðlabankans til þess. Þetta hlutverk hefur Alþingi falið sjálfstæðum seðlabanka. Ef aðrir sem hafa áhrif á umsvif í þjóðarþúinu, í atvinnulífi, á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum leggjast á eitt geta viðbrögð Seðlabankans í formi vaxtahækkana verið minni en ella. Stöðug og lítil verðbólga stuðlar að almennri efnahagslegri velferð og skilar sér í bættum lífskjörum fyrir alla.

Höfundur: Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu.

Neðanmálsgreinar:

1. Raunvextir eru nafnvextir bankans að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Hér er miðað við meðaltal verðbólgu, verðbólguvæntinga almennings, fyrirtækja og markaðsaðila, verðbólguálags og verðbólguþá Seðlabankans. Raunvextir eru að jafnaði lægri en nafnvextir, eða sem nemur verðbólgu. Í ástandi verðhjöðunar, þ.e. neikvæð ársverðbólga, eru raunvextir aftur á móti hærri en nafnvextir.

2. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum á verðbólgu (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur vísitölu neysluverðs).

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Peningastefnan og efnahagshorfur



Lánasjóður sveitarfélaga
29. júní 2022




Rannveig Sigurðardóttir
Varaseðlabankastjóri peningastefnu



Staða og horfur

Stríðsátök hafa veruleg áhrif á alþjóðahorfur ...



- Þótt Rússland og Úkraína vegi ekki þungt í heimshagkerfinu er vægi þeirra mikið í hrávöru- og matvælaframleiðslu
- Átökin valda usla á hrávörumörkuðum og verð hefur hækkað verulega – mikil hækkun innflutningsverðs um allan heim
- Dregur því úr kaupmætti heimila og hækkar aðfangakostnað fyrirtækja ... aðfangakeðjur auk þess í uppnámi og aukin óvissa



1. Mat á áhrifum stríðsátakanna á hagvöxt 2022 (NIESR) eða í heilt ár frá upphafi átaka (OECD). 2. Viðskiptavegið framlag einstakra lönd. Grunnspá Seðlabankans 2022-2024. Norðurlöndin eru meðaltal Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Heimildir: 1. Lladre o.fl. (2022), „The economic costs of the Russia-Ukraine conflict“, NIESR Policy Paper nr. 32, J. P. Morgan Commodity Research, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), OECD (2022), OECD Economic Outlook, Interim Report, Seðlabanki Íslands, US Geological Survey.

... og við bætast áhrif sóttvarnaraðgerða í Kína


- Þrátt fyrir hækkanði framfærslukostnað hefur smásala í iðnríkjum í meginatriðum haldið velli – enn sem komið er ...
- ... en PMI-vísitölur benda til hægari vaxtar umsvifa fram á við
- Harðar sóttvarnaraðgerðir í Kína hafa hins vegar leitt til snarps samdráttar smásölu og lækunar PMI-vísitölu þar í landi



1. Mánaðarlegar árstíðarleiðréttar magnvísitölur. 2. PMI-framleiðsluvísitala IHS Markit fyrir framleiðslu- og þjónustu (Composite Output Purchasing Managers' Index). Vísitalan er birt mánaðarlega og er árstíðarleiðrétt. Þegar gildi vísitölunnar er yfir 50 gefur það vísindingu um vöxt í framleiðslu milli mánaða en samdrátt ef hún er undir 50. Heimild: Refinitiv Datastream.

Þrálátir framboðshnökrar og hátt hrávöruverð


- Álag á alþjóðlegar framleiðslukeðjur virtist vera að minnka en bakslag vegna stríðs og sóttvarna í Kína en hjaðnaði á ný í maí ...
- ... flutningskostnaður lækkar áfram og hrávöruverð hefur lækkað lítillega eftir mikla hækkun í kjölfar innrásar
- Matvælaverð hefur þó lítið lækkað og orkuverð haldist hátt – verð á jarðgasi farið hækkandi á ný



1. Tekur saman áhrif 27 mismunandi mælkvarða á flutningskostnaði og afhendingartíma þar sem búið er að hreinsa út eftirspurnaráhrif. 2. Landbúnaðarafuðir skiptast í matvæli (62%), drykkjarvörur (13%) og hráefni (25%). Verðvisitala gámaflutninga er Freightos Global Container Index. Gógn til og með 6. júní 2022. 3. Brent verð á hráolíu. Skygðu svæðið sýnir tímabilið frá upphafi stríðsátala í Úkraínu.
Heimildir: Alþjóðabankinn, Freightos Limited, Refinitiv Datastream.

Meiri hagvöxtur á F1 en gert var ráð fyrir í maíspá



- Árshagvöxtur jókst á ný á F1 og mældist 8,6% – sá mesti síðan 2016
- Fór saman tæplega 9% ársaukning einkaneyslu og 20% aukning fjárfestingar
- Vöxtur þjóðarútgjalda töluvert meiri en spáð var í PM 22/2 en utanríkisviðskiptin veikari ...
- ... hagvöxtur því um 3 prósentum meiri en spáð var (en vísbendingar eru um ofmat)



1. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og hagvaxtar vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Sparnaður minnkar og viðskiptahalli myndast ...




- Þótt einkaneysla hafi aukist mikið milli ára stóð hún í stað milli fjórðunga
- Sparnaðarhlutfallið hækkaði lítillega eftir nokkra lækkun undanfarna fjórðunga
- Minnkandi sparnaður heimila og halli á hinu opinbera hafa leitt til minnkandi þjóðhagslegs sparnaðar ...
- ... á sama tíma og fjárfesting hefur tekið við sér - viðskiptaafgangur hefur því snúist í halla



1. Við útreikningá hlutfalli sparnaðar er miðað við áætlun Seðlabankans um ráðstöfunartekjur. 2. Fjárfestingahlutfallið samanstendur af heildarfjármunamyndun og birgðabreytingum. Fjögurra ársfjórðunga hreyfanlegt meðaltal. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

... og vísbendingar um áframhaldandi kröftug umsvif


- Erlendum ferðamönnum fjölgað hratt og var fjöldi þeirra komin í 460 þús. í maí – heldur meira en í spád í maí
- Vísbendingar um áframhaldandi kraft innlendrar eftirspurnar:
 - ársvöxtur greiðslukortavelta aukist aftur það sem af er F2 (en bjartsýni heimila minnkar á móti)
 - innflutningur fjárfestingarvöru bendir til enn kröftugri atvinnuvegafjárfestingar



1. Uppsafnaður fjöldi hvers árs. Punkturinn sýnir heildarfjölda 2022 samkvæmt grunnspá PM 2022/2. 2. Væntingavísitala Gallup er árstíðarleidd. Áætluð kortavelta fyrir 2. árstj. 2022 byggist á gögnum fyrir apríl en væntingavísitalan fyrir apríl og maí. 3. Innfluttar fjárfestingarvörur og flutningatæki til atvinnurekstrar (þó ekki skip og flugvélar). Áætlun fyrir 2. árstj. 2022 byggist á gögnum fyrir apríl og maí. Almenn atvinnuvegafjárfesting er atvinnuvegafjárfesting án stóriðju. Heimildir: Ferðamálastofa, Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Störfum fjölga hratt og atvinnuleysi minnkar

- Störfum fjölga áfram hratt: fjöldi 6% yfir meðalfjölda 2019 (1% m.v. staðgreiðslugögn)
- Atvinnuleysi minnkað mikið og verið um 4% að meðaltali sl. 3 mánuði - 4-6 prósentum minna en á sama tíma í fyrra
- Komið á svipað stig og fyrir farsótt
- Atvinnuþátttaka mælist nú svipuð og snemma árs 2018




1. Launafólk samkvæmt tölum úr staðgreiðslukrá ríkisskattstjóra en önnur gögn eru úr vinnumarkaðsskönnun Hagstofu Íslands. Fólk á aldrinum 16-74 ára. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiréttra tölva. 2. Slaki á vinnumarkaði eru atvinnuleysis, vinnuleysis og hlutfall af mannafla með viðbót (mannafli að viðbætti mögulegrar viðbótar á vinnumarkaði). Árstíðarleiréttra tölva. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiréttra tölva. 3. Árstíðarleiréttra þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal. Brotalínur sýna meðaltöl tímabilsins.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnuáætlunin, Seðlabanki Íslands.

Skortur á starfsfólki og fjölgun erlends vinnuafls

- Töluvert er um laus störf og vaxandi skortur er á starfsfólki: 54% fyrirtækja segjast skorta starfsfólk – hæsta gildið frá 2007
- Farið að reyna verulega á afkastagetu: 61% fyrirtækja segjast starfa við full afköst – hæsta gildið frá upphafi mælinga ...
- ... og erlendu vinnuafl er tekið að fjölga hratt á ný





1. Mælikvarðar fyrir nýtingu framleiðsluþátta byggjast á viðhorfsskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Vísitala nýtingar framleiðsluþátta (NF-vísitalan) er fyrsti frumþáttur valinna vísibendinga um nýtingu framleiðsluþátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 2018/2. Árstíðarleiréttra tölva. Brotalínur sýna meðaltöl frá 2006.

Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Spáð ágætum hagvexti og hjöðnun atvinnuleysis




- Jákvæð grunnáhrif minni hagvaxtar í fyrra og vísbendingar um kröftugan vöxt umsvifa það sem af er ári vega á móti neikvæðum áhrifum stríðsátaka í Úkraínu
- Spáð 4,6% hagvexti í ár í maí og að horfur fyrir næstu 2 ár batni lítillega
- Atvinnuleysi hjaðnar áfram en hægar en undanfarið enda talið vera komið undir jafnvægisatvinnuleysi



1. Grunnspá Seðlabankans 2022-2024. Brotalína sýnir spá frá PM 2022/1. 2. Atvinnuleysi miðað við vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands (VMK) og skráð atvinnuleysi Vinnumálastofnunar án hlutabóta (VMST). Grunnspá Seðlabankans 2022-2024. Brotalína sýna spá frá PM 2022/1.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

Mæld og undirliggjandi verðbólga aukist hratt



- Verðbólga var komin í 8,8% í júní – mesta verðbólga síðan í október 2009
- Verðbólga án húsnæðisliðar mælist einnig mikil og var 6,5% í júní (og HICP var 5,4% í maí – næst lægst í Evrópu)
- Undirliggjandi verðbólga hefur einnig aukist hratt og mælist í kringum 5½%
- Hlutfall liða sem hækka þó tekið að lækka á ný



1. Brotalínur sýna meðaltöl yfir tímabilið janúar 2008 - maí 2022.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Innlendur verðbólguþrýstingur en ISK vegur á móti



- Til viðbótar við innflutta verðbólgu bætist innlendur verðbólguþrýstingur ...
- ... sem endurspeglar kröftuga eftirspurn og birtist t.d. í miklum launahækkunum og hækkun húsnæðisverðs
- Á móti vegur hins vegar hækkun á gengi krónunnar – ISK komið á svipað stig og rétt fyrir farsótt



1. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu. 2. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þróng viðskiptavog).
Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrár Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguvæntingar fyrirtækja og heimila hækka



- Verðbólguvæntingar fyrirtækja til bæði skamms og lengri tíma hafa hækkað frá vorkönnuninni – búast við 4% verðbólgu til 5 ára
- Sama gildir um væntingar heimila sem búast við 5% verðbólgu á næstu 5 árum
- Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur hins vegar lítið breyst nýverið



1. Kannanir Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja og könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. Miðgildi svara. 2. Meðaltal mánaða.
Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

Verðbólga mikil og eykst um allan heim



- Eins og hér á landi hefur verðbólga aukist hratt um allan heim
- Verðbólga 8,6% í Bandaríkjunum, 8,7% í Þýskalandi og 9% í Bretlandi og hefur verðbólga þar ekki verið meiri í fjóra áratugi
- ... og sums staðar er hún komin yfir 10%
- Seðlabankavextir hafa því verið hækkaðir um allan heim og víða í stærri skrefum en sést hafa lengi



1. Nýjasta mæling ársverðbólgu.
Heimildir: cbrates.com, heimasíður seðlabanka, Refinitiv Datastream, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguhorfur versna verulega – enn á ný

- Miklar breytingar á verðbólguhorfum í kjölfar stríðsátaka
- Spáð í maí að verðbólga fari úr 6,2% á F1 í 7,5% á F2 og 8,1% á F3 ...
- ... en taki þá að hjaðna – en hægt: verði yfir 4% fram undir lok næsta árs og fari ekki undir 3% fyrr en á seinni hluta 2024
- Lakari horfur miðað við febrúarspá skýrast helst af meiri hækkun innfluttrar verðbólgu



1. Mat á áhrifum stríðsátakanna á verðbólgu 2022 (NIESR) eða í heilt ár frá upphafi átaka (OECD).
Heimildir: Hagstofa Íslands, I. Lladze o.fl. (2022), „The economic costs of the Russia-Ukraine conflict“, NIESR Policy Paper nr. 32, OECD (2022), OECD Economic Outlook, Interim Report, Seðlabanki Íslands.


Miðlun peningastefnunnar

Miðlun peningastefnunnar




- Vextir óverðtryggðra íbúðalána hækka ...
- ... en verðtryggðir vextir hafa lækkað undanfarið líkt og aðrir raunvextir

Meginvextir Seðlabankans og vextir óverðtryggðra íbúðalána¹
1. janúar 2015 - 1. júní 2022



Vextir verðtryggðra íbúðalána¹
Janúar 2015 - júní 2022




1. Einfalt meðaltal lægstu vaxta. 2. Vextir lastir frá 5 árum og allt upp í allan lánstímann.

Heimildir: Almenni Lsj., Arion banki, Festa Lsj., Frjálsi Lsj., Gildi Lsj., Íslandsbanki, Landsbankinn, Lífsverk, Lsj. verslunarmanna, LSR, Söfnunarsjóður lífeyrisséttinda, Seðlabanki Íslands.


Miðlun peningastefnunnar

- Vextir nýrra óverðtryggðra lána til heimila hækka áfram ...
- ... eins og vextir nýrra óverðtryggðra lána til fyrirtækja

Meginvextir og vextir óverðtryggðra útlána til heimila¹
Janúar 2015 - apríl 2022



Meginvextir og vextir óverðtryggðra útlána til atvinnufyrirtækja²
Janúar 2015 - apríl 2022




1. Vegnir meðalvextir óverðtryggðra útlána stóru viðskiptabankanna þriggja miðað við fjárhæð útlána.
2. Vegnir meðalvextir á óverðtryggðum útlánnum stóru viðskiptabankanna þriggja með breytilegum vöxtum miðað við fjárhæð útlána.

Heimild: Seðlabanki Íslands.


Samsetning íbúðalána

- Eftir að vaxtahækkunarferlið hófst í maí 2021 eykst hlutur óverðtryggðra lána með fasta vexti í nýjum fasteignalánnum ...
- ... og nýverið eru vísbendingar um aukna ásókn í verðtryggð lán

Tegund fasteignalána til neytenda¹
Janúar 2020 - apríl 2022



Tegund nýrra fasteignalána til neytenda¹
Janúar 2020 - apríl 2022



1. Hlutfallsleg skipting fasteignalána KMB og HMS til neytenda eftir tegundum. Frá ágúst 2020 ná tölur einnig til stærstu lífeyrissjóða.


Heimild: Seðlabanki Íslands.

Útlán lánakerfis



- Útlánastofn lánakerfis til innlendra aðila stækkaði að nafnvirði um 6,7% milli ára í apríl
- Útlánavöxtur til heimila hefur verið stöðugur að nafnvirði undanfarið hálft ár ...
- ... en vöxtur útlána til fyrirtækja hefur snúist úr samdrætti yfir í vöxt undanfarna tvo mánuði

Útlán lánakerfis¹
Janúar 2017 - apríl 2022




1. Leiðrétt fyrri: endurflokkun og skuldalækkunaraðgerðum stjórnvalda. Eingöngu sjóðfélagalaán með talin hjá lífeyrissjóðum. Án útlána til innlánsstofnana, fallinna fjármálafyrirtækja og ríkissjóðs. Fyrirtæki eru atvinnufyrirtæki og félagsamtök sem þjóna heimilum.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Útlán til fyrirtækja




- Áætlað að útlán til atvinnufyrirtækja hafi aukist um 2,1% að nafnvirði í apríl (1,1% leiðr. fyrir endurfl.) og 3,4% á föstu gengi
- Útlán til byggingargeira hafa tekið við sér en útlán til ferðaþjónustu enn lítil
- Útlán fagfjárfestasjóða hafa aukist og einhver fyrirtæki sækja fjármagn með útgáfu markaðsskuldabréfa

Útlán lánakerfis til atvinnufyrirtækja
Janúar 2017 - apríl 2022




Hrein ný útlán til atvinnufyrirtækja, innan hvers mánaðar¹



1. Hrein ný útlán eru ný útlán að frágættum samningum áður en tekið er tillit til breytinga á vaxta og spæðingum.
Tölur á föstu verðlagi. Tölur ná til innlánsstofnana, lífeyrissjóðs og Húsnæðissjóðs.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Útlán fagfjárfestasjóða til atvinnufyrirtækja
Desember 2018 - apríl 2022



1. Stofn útlána í erlendum gjaldmiðlum er reiknaður miðað við vísitölu meðalgengis í síðasta mánuðinum.
Heimild: Seðlabanki Íslands.



March 27, 2001

Declaration on inflation target and a change in the exchange rate policy

(From March 27, 2001 – as amended by agreement between the Prime Minister of Iceland and the Board of Governors of the Central Bank of Iceland on November 11, 2005, cf. Press release no. 35/2005)

On March 27, 2001 the Prime Minister and the Governors of the Central Bank of Iceland signed a declaration on changes in the framework of monetary policy in Iceland. The declaration is as follows:

The Government of Iceland and the Central Bank of Iceland have decided the following changes in the framework of monetary policy in Iceland, effective March 28, 2001:

- (1) The main target of monetary policy will be price stability as defined below. The Central Bank shall also promote financial stability and the main objectives of the economic policy of the Government as long as it does not deem it inconsistent with the Bank's main objective of price stability.
- (2) Rather than basing monetary policy on keeping the exchange rate within a fluctuation band, the Central Bank will aim at keeping inflation within defined limits as specified below.
- (3) The change described above implies that the fluctuation limits for the króna are abolished. Nevertheless, the exchange rate will continue to be an important indicator in the conduct of monetary policy.
- (4) The Government grants full authority to the Central Bank to use its instruments in order to attain the inflation target.
- (5) Later this week, the Government will submit to Parliament a bill on a new Central Bank Act which, once enacted, will legally confirm the decisions described above on making price stability the main objective of monetary policy and on the independence of the Central Bank to use its instruments.
- (6) The inflation target of the Central Bank will be based on 12-month changes in the consumer price index as calculated by Statistics Iceland. Statistics Iceland will also be asked to calculate one or more indices which may be used to assess the underlying rate of inflation, as will be further agreed between the Central Bank and Statistics Iceland. The Central Bank will take note of such indices in its assessment of inflation and in the implementation of monetary policy.

- (7) The Central Bank will aim at an annual inflation rate of about 2½ per cent.
- (8) If inflation deviates by more than 1½ percentage point from the target, the Central Bank shall bring it inside that range as quickly as possible. In such circumstances, the Bank will be obliged to submit a report to the Government explaining the reasons for the deviations from the target, how the Bank intends to react and how long it will take to reach the inflation target again in the Bank's assessment. The report of the Bank shall be made public.
- (9) The Central Bank shall aim at attaining the inflation target of 2½ percent not later than by the end of 2003. In the year 2001, the upper Declaration on inflation target and a change in the exchange rate policy limit for inflation shall be 3½ percentage points above the inflation target but 2 percentage points above it in the year 2002. The lower limit for inflation will always be 1½ percentage point below the inflation target. Should inflation move outside the target range in 2001 and 2002, the Bank shall respond as set out in item 8 above.
- (10) Despite the elimination of the fluctuation limits for the króna, the Central Bank will intervene in the foreign exchange market if it deems such action necessary in order to promote the inflation objective described above or if it thinks that exchange rate fluctuations might undermine financial stability.
- (11) The Central Bank shall publish inflation forecasts, projecting inflation at least two years into the future. Forecasts shall be published in the Bank's Monetary Bulletin. This shall also contain the Bank's assessment of the main uncertainties pertaining to the inflation forecast. The Bank shall also publish its assessment of the current economic situation and outlook.

[Amended text by agreement between the Prime Minister of Iceland and the Board of Governors of the Central Bank of Iceland on November 11, 2005]

- (12) The Central Bank shall in its publications explain how successful it is in implementing the inflation target policy. The Governors will also report to the Minister, the Government and committees of the Parliament on the policy of the Bank and its assessment of current economic trends and prospects.

